

AUGLÝSING

**um staðfestingu á (2.) breytingu á skipulagsskrá
fyrir Listahátíð í Reykjavík, nr. 131/2009.**

Stjórn Listahátíðar í Reykjavík hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá stofnunarinnar:

6. gr. orðist svo:

Listrænn stjórnandi er yfirmaður Listahátíðar í fullu starfi. Hann er ráðinn af stjórn til allt að fjögurra ára í senn. Stjórn er heimilt að endurráða stjórnanda einu sinni í allt að fjögur ár, en þó að undangenginni auglýsingu og opnu ráðningarferli. Í ráðningarsamningi stjórnandans skal kveðið nánar á um starfskjör og starfstíma.

Listrænn stjórnandi mótar dagskrá hvernar hátíðar og er ábyrgur fyrir framkvæmd hennar gagnvart stjórn. Stjórnandinn skal leggja fjárhagsáætlun hvernar hátíðar fyrir stjórn til samþykktar og er hann ábyrgur fyrir framkvæmd hennar gagnvart stjórninni.

Listrænn stjórnandi ræður starfsfólk til stofnunarinnar að fengnu samþykki stjórnar. Þetta á ekki við um framkvæmdastjóra sem er ráðinn af stjórn sbr. 5. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Listahátíð í Reykjavík staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 28. apríl 2014,

Björn Ingi Óskarsson.

Lára Kristín Gísladóttir.